

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Grjótháls 1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 24. febrúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir dreifistöð sem liggur að vestari lóðamörkum að Grjóthálsi 5. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Stjörnugróf 7-11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 5. maí 2021, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst breikkun á göngu- og hjólastíg vestan við Stjörnugróf og niðurfelling kvaðar um snjóbræðslu á stignum norðan við Stjörnugróf 7, innan lóða á reit A og B. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. maí 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2021